

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar, nr. 75/1991, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

B-liður 57. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til **fjögurra ára** á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnumálanefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer einnig með hlutverk ferðamálanefndar, landbúnaðarnefndar og gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965, og tilnefnir búfjárefntirlitsmenn sem ráðnir eru af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. og 7. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Nefndin fer einnig með hlutverk samgöngunefndar.
3. *Félagsmálaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum. Félagsmálaráði eru jafnframt falin verkefni barnaverndarnefndar skv. 10. gr. laga nr. 80/2002 og verkefni jafnréttisnefndar skv. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000.
4. *Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum. Stjórnin er jafnframt rekstarstjórn hafnarinnar.
5. *Heilbrigðis- og öldrunaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
6. *Húsnæðisnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og þrír til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til alþingis nr. 24/2000. Undirkjörstjórnir er heimilt að kjósa síðar fyrir hverja kjördeild, þrjá aðalmenn og þrjá til vara. (Sjá C. lið hér að neðan).
8. *Menningar- og tómstundanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin fer með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og bókasafns skv. ákvæðum laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.
9. *Skólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd fer með hlutverk leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.
10. *Umhverfisnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúruverndarnefndar skv. 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og stjórn fólkvangs í Óslandi, sbr. auglýsingu nr. 42/1982.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 18. júní 2008.*

F. h. r.

**Ragnildur Hjaltadóttir.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2008